

06. jan. 2016

Langanesbyggð
Fjarðarvegi 3
680 Þórshöfn



Reykjavík 5. janúar 2016
UST201511-121/E.D.K.
08.14.02

Áminning og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf, dags. 17. nóvember 2015 þar sem áformað var að áminna Langanesbyggð vegna tveggja frávíka frá starfsleyfi sem komu fram við reglubundið eftirlit með urðunarstað á Þórshöfn þann 19. ágúst 2014. Umhverfisstofnun hefur ekki borist úrbótaáætlun vegna frávíkanna.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. Niðurstöður mælinga sbr. grein 1.8 í starfsleyfi og fyrirmælum um frágang og vöktun, hafa ekki verið sendar Umhverfisstofnun
2. Lítið eitt var af nýjum úrgangi á staðnum en óheimilt er að taka við úrgangi án starfsleyfis.

Umhverfisstofnun hefur ekki borist staðfesting á úrbótum frá rekstraraðila. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila áminningu, sbr. sbr. 2. mgr. 66. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs fyrir frávikin. Umhverfisstofnun veitir Langanesbyggð frest til að senda inn staðfestingu á úrbótum til og með 27. janúar 2016.


Sinni rekstraraðili ekki tilmælum Umhverfisstofnunar innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða rekstraraðila dagsektir allt að upphæð 500.000 kr á dag þar til úr er bætt, sbr. sbr. 3. mgr. 66. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Þær aðgerðir yrðu þó áformaðar sérstaklega og boðið upp á andmælafrest.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 67. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs er heimilt að vísa ágreiningi um ákvarðanir yfirvalda til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Skal kæran borin fram við nefndina innan eins mánaðar frá því að ákvörðun þessi berst rekstraraðila í hendur skv. 1. gr. laganna. Aðsetur nefndarinnar er að Skuggasundi 3, 101 Reykjavík.


Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni ofangreindra þriggja frávíka, sbr. bréf dagsett 17. nóvember 2015 og 5. janúar 2016, verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 og er 35.700 kr.

Óski rekstraraðili eftir frekari upplýsingum má hafa samband við Evu Dögg Kristjánsdóttur í síma 591-2000 eða með tölvupósti á eva.kristjansdottir@ust.is.

Gögnum og staðfestingu á úrbótum skal skila til Umhverfisstofnunar eða í tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, ust@ust.is.


Sigrún Ágústsdóttir
sviðsstjóri

Virðingarfyllst


Eva Dögg Kristjánsdóttir
sérfræðingur